



Mynd: Bergsveinn Theodórsson.

1150 ára afmæli Hrunamannahrepps haldin með glæsibrag

Fjölmenni heimsótti Hrunamannahrepp um síðastliðna helgi í tilefni af því að þá fögnuðu Hrunamenn því að 1150 ár eru liðin frá upphafði byggðar í Hrunamannahreppi. Hrunamannahreppur er elsta hreppanafn landsins sem varðveist hefur allt frá landnámsöld en það á rætur að rekja til Hruna, hins forna höfðingjaseturs, en þeir sem þar bjuggu voru kallaðir Hrunamenn, rétt eins og íbúar Hrunamannahrepps í dag.

Dagskrá afmælisdagsins hófst með heimsókn forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur

og eiginmanns hennar Björns Skúlasonar en þau heimsóttu Gömlu laugina, Flúðasveppi og VISS áður en þau komu í Félagsheimili Hrunamanna þar sem fjölmenni tók á móti þeim hjónum og formleg hátíðardagskrá hófst. Dagurinn var síðan þéttskipaður viðburðum, veitingum, gleði og samverustundum en gestir nutu einstakrar veðurblíðu alla helgina.

Vel sótt var á stórtónleikana sem voru haldnir í Félagsheimilinu á laugardag þar sem topp listamenn frá Hrunamannahreppi komu fram ásamt hljóm-

sveit. Að tónleikum loknum héldu hátíðarhöldin áfram í nýja veitingahúsinu Grund sem opnaði dyr sínar í fyrsta skipti sl. föstudag eftir að nýir eigendur tóku við.

„Greinilegt var að bæði íbúar og gestir voru ánægðir með daginn og haft var á orði að það yrði nú gaman að fá að taka þátt í 1200 ára afmæli Hrunamannahrepps þegar þar að kemur,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, í samtali við Dagskrána.

Eiríkur Vilhelm nýr sveitarstjóri Rangárþings ytra

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, nýráðinn sveitarstjóri Rangárþings ytra, og Eggert Valur Guðmundsson, oddviti sveitarstjórnar, undirrituðu sl. föstudag, 12. júní, ráðningarsamning vegna ráðningar Eiríks sem sveitarstjóra. Hann hóf störf sl. mánudag.

Eiríkur þekkir sveitarfélagið vel eftir ríflega áratugslanga búsetu og fjölbreytt störf í samfélaginu. Hann er fæddur og uppalinn í Vík í Mýrdal en hefur búið í Rangárþingi ytra ásamt eiginkonu sinni, Heklu Katharínu Kristinsdóttur, og þremur börnum þeirra um árabíl. Fjölskyldan býr í Árbæjarhjáleigu og segir Eiríkur fjölskyldulíf í sveitarfélaginu hafa veitt sér mikilvæga innsýn í þarfir ungs fjölskyldufólks og mikilvægi öflugrar þjónustu við íbúa.

Hann er menntaður ferðamálafræðingur frá Háskólanum á Hólum og lauk síðar meistaraáráðu í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.

Eiríkur starfaði áður við uppbyggingu Kötluaseturs í Vík áður en hann tók við starfi markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra árið 2015. Frá þeim tíma hefur hann komið að fjölmörgum verkefnum innan sveitarfélagsins og atvinnulífsins á svæðinu.

Samhliða því hefur Eiríkur verið virkur í félags- og menningarlífi héraðsins. Hann er formaður Hestamannafélagsins Geysis, sat í framkvæmdastjórn Landsmóts hestamanna árið 2022 og hefur frá árinu 2023 stýrt glerverksmiðju Samverks á Hellu. Þá var hann framkvæmdastjóri Njáluvöknunar síðasta sumar.

Eiríkur segir fjölmörg tækifæri felast í áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins, bæði í þjónustu við íbúa og eflingu atvinnulífs. Hann leggur áherslu á jákvæða framtíðarsýn, framkvæmdagleði og gott samstarf við starfsfólk, kjörna fulltrúa og íbúa sveitarfélagsins.



Eggert Valur Guðmundsson og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson handsala ráðningarsamning Eiríks. Mynd: Aðsend.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA bZ4X



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

 Toyota
Selfossi



**Starfskraftur
Óskast**

Upplýsingar í síma 892 4650
Einnig er hægt að senda fyrirspurn á fylgd@fylgd.is



TIL LEIGU

Hafnarskeið 5G, Þorlákshöfn.
192 m² atvinnuhúsnæði.
Leiga: 290.000 krónur pr. mánuð.
Upplýsingar í síma 787 9999
eða svavar@eignanet.is.



**SAMHERJI
FISKELDI**

Kynning á seiðastöð Samherja Fiskeldis á Núpum í Ölfusi

Fræðsla um starfsemi seiðastöðvarinnar og uppbyggingu hennar

Hvar: Hótel Örk
Hvenær: 24. júní 2026
Kl. 10:00
Öll velkomin



ADALSKODUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gleyma ferðafélaganum



Allt klárt fyrir kjarnaborun á Landeyjasandi


Allur undirbúningur er nú á lokastigi og allt klárt til að hefja fôðrun og kjarnaborun á rannsóknarholunni EG-02 á Landeyjasandi. Verkefnið er einn af lykilþáttunum í víðamiklum jarðfræðirannsóknunum sem munu skerða úr um fýsileika þess að gera jarðgöng á milli lands og Vestmannaeyja.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna á Landeyjasandi, þar sem efstu lög jarðvegsins samanstanda af lausum sandi, verður byrjað á því að setja niður um 40 metra langa fôðrun. Hlutverk hennar er að tryggja fyllsta stöðugleika borholunnar áður en haldið verður dýpra niður í fastara berg.

Borað 300 metra niður í jarðlögin

Þegar fôðruninni lýkur verður kjarnaborinn settur í gang, en áætlað er að bora holuna niður á allt að 300 metra dýpi. Markmiðið er að ná upp samfelldum kjarnasýnum sem munu veita vísindamönnum og verkfræðingum nákvæmar upplýsingar um gerð og styrk berglaganna undir sandinum.

Slík gagnaöflun er algjör grundvöllur þess að hægt sé að



hanna örugg jarðgöng og meta heildarkostnað verkefnisins.

„Það er tilkomumikið að sjá borinn Karl Prins standa í miðri sandfjörinni með eyjasýnina í bakgrunn.“ segir Haraldur Pálsson framkvæmdastjóri. „Með því að bora niður á 300 metra dýpi fáum við áður óþekkt gögn um jarðlögin á þessu svæði, sem

færir okkur nær raunhæfu mati á jarðgöngum til Eyja.“

Reiknað er með að gangaopið verði ofar í landinu en líkt og með kjarnaborunina í Vestmannaeyjum, er talið mikilvægt að ná kjörnum þar sem sleppir landi til að ná sem bestu sýnum á gangaleiðinni.

Raunir íþróttafélags Hamars

Síðustu 4 árin hafa verið erfið ár, og næstu 2 ár verða líka erfið, fyrir Íþróttafélagið Hamar í Hveragerði. Hinn 22. apríl 2026 birtist grein í Dagskránni, fréttablaði Suðurlands (dfs.is) um störf félagsins fyrir árið 2025. Þar kemur fram að íþróttastarfssemin hafi breyst mikið til hins verra. Loftþjúpur Hamars-hallarinnar féll saman 2022, vegna mannlegra mistaka. Ekki var þó komið að endurnýjunarþörf hjúpsins samkvæmt upplýsingum framleiðanda. Höllin var vinsæl og mikið nýtt af íþróttafólki, hvernig sem víðraði. Eldri borgurur var ennfremur úthlutaður tími þar til hreyfinga og líkamsþjálfunar.

Í starfssýrslu Hamars 2025 birtist svört mynd af rekstri félagsins. Þar er kvartað undan aðstöðuleysi eftir að Hamarshöllin féll. Stór hluti af íþróttastarfi félagsins raskaðist, en orðrétt segir þar um raunir Hamars. „Blakdeildin þarf nú að halda Kjörís-mótið í Þorlákshöfn“. „Fimleikadeildin hefur hætt keppnisstarfi í Hveragerði og keppir nú í Þorlákshöfn.“ „Körfnattleiksdeildin hefur þurft að senda elstu flokkana til æfinga til Þorlákshafnar“. „Afrekstímar í badminton hafa verið sóttir til Reykjavíkur“. og „hluti yngri barna fær ekki inni í núverandi íþróttahúsi hluta tímans“. Þetta er óglæsileg lýsing á óásættanlegum aðstæðum, sem bæjarfélagið bauð æskunni.

Pólítískur stýrr hafði verið þegar meirihluti bæjarstjórnar ákvað að reisa Hamarshöllina. Sjálfstæðisflokkurinn (D) var

meirihluta á þessum tíma, en andstaða var hörd gegn honum hjá bæjarstjórnarandstöðunni, sem vildi reisa „alvöru“ íþróttahús, sem aðeins átti að kosta 290 milljónir. Svo skemmdist loftþjúpurnin rétt fyrir kosningar 2022 og hann féll saman. Í þessum kosningum missti Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta sinn, og við tók meirihluti Okkar Hveragerðis (O) og Framsóknar (B). Hjúpurinn hafði verið tryggður, en ekki búið að ganga frá kaupum á nýjum. Nýji meirihlutinn (O) og (B) gátu ekki hugsað sér „belginn“ eftir að hafa deilt við (D) þegar hann var í byggingu. Hann hætti strax við „belginn“ og leitaði tilboða í „alvöru“ íþróttahús. Ári síðar kom tilboð upp á 1100 milljónir, sem meirihlutinn hafnaði.

Íþróttafélagið Hamar var í „rúst“ eftir að Hamarshöllinni féll. Leitað var lausna, en nú 4 árum síðar er enn ekki búið að finna lausn á íþróttastarfi Hamars. Hafin var bygging á upphituum gervigrasvelli, sem sennilega átti að koma í stað „belgsins“. Sá völlur hefur kostað 390 milljónir til þessa, en lokakostnaður er áætlaður um 600 milljónir þegar framkvæmdum líkur. Þá verða alls þrjú opnir íþróttavellir inni dal, hlið við hlið. Spurt er, var nokkur þörf fyrir 3ja völlinn? Dugðu ekki tveir? Miklu hagkvæmara og ódýrara hefði verið að endurreisa „belginn“, fyrir um 60 milljónir.

Samtímis var ráðist í að byggja stórt og myndarlegt „alvöru“ íþróttahús við hliðina á íþróttahúsi framhaldsskólans.

Framkvæmdum verður lokið 2027-2028 samkvæmt áætlun. Þá verða þar 2 íþróttahús á sama stað, hlið við hlið. Nýja íþróttahúsið kemur til með að kosta 2 milljarða + þegar upp verður staðið. Sorgleg starfslýsing íþróttafélagsins fyrir árið 2025 getur því átt við starfsemina allt frá 2022 og áfram til 2027-2028, þegar nýja íþróttahúsið verður tekið í notkun, 5-6 árum eftir fall loftþjúpsins. Því er engin furða að íþróttafélagið kvarti yfir aðstöðuleysi í bænum.

Meirihluti Sjálfstæðisflokksins ætlaði að endurreisa loftþjúpurn á 6-9 mánuðum. Hann var tryggður, og uppsetningar-kostnaðurinn vel víðráðanlegur. „Belgurinn“ hefði verið skynsamleg ákvörðun fyrir íþróttastarfssemi Hamars. Ef til vill verður hann endurreistur síðar, ef íþróttafélagið telur sig þurfa meiri og betri aðstöðu, og skilningur hjá bæjarstjórn.

Fyrrum meirihluti (O) of (B) stæfir sig í grein í Dagskránni 28. maí 2026 af „skýrri framtíðarsýn og ábyrgum vinnubrögðum“, sem er óverðskuldað sjálfshól. Íþróttafélagið Hamar getur ekki tekið undir þá staðhæfingu, né heldur íbúar Hveragerðis. Ekki hefur notast við heilbrigða dómgreind, heldur hefur pólitík eyðilagt íþróttastarfið í 5-6 ár. Framangreind óstjórn hefur eflaust átt þátt í falli meirihlutans við síðustu kosningar. Skaðinn fyrir æskuna er mikill, í raun er hann óbætanlegur fyrir 5-6 kynslóðir.

Róbert Pétursson,
Hveragerði

Þæfing, sköpun og sumarsólstöður í Listasafni Árnesinga



sumar. Þannig geta þátttakendur skapað sín eigin ullarmálverk sem endurspeglar litbrigði, ljós og stemningu árstímans.

Leiðbeinendur smiðjunnar eru listamennirnir Agata Mickiewicz og Styrmir Örn Guðmundsson, sem bæði hafa mikla reynslu af listsköpun og skapandi fræðslu. Þau eiga jafnframt verk á yfirstandandi sýningu Listasafns Árnesinga sem ber heitið Reiturinn á milli, og munu leiða þátttakendur í gegnum ferlið og kynna fjölbreyttar leiðir til að vinna með ull sem listrænan efnivið.

Listasafn Árnesinga er opið alla daga vikunnar í sumar frá kl. 12–17. Gestir geta notið notalegs kaffihúss, sest út á sólríkum dögum og skoðað safnbúðina sem býður upp á fjölbreytt úrval gjafavara. Alls-



Laugardaginn 20. júní stendur Listasafn Árnesinga fyrir skapandi þæfinga-listasmiðju þar sem þátttakendur fá tækifæri til að kynna votþæfingu og skapa eigin myndverk úr ull. Smiðjan fer fram frá kl. 13–15 og er ætluð öllum 11 ára og eldri.

Þæfing á ull er skemmtileg aðferð sem umbreytir lausum trefjum í þétt og endingargott efni. Í smiðjunni verður lögð áhersla á votþæfingu, þar sem ull er unnin með volgu vatni og sápu til að mynda mjúkar og litríkar myndir. Þátttakendur fá tækifæri til að „mála“ með ullartrefjum og kanna möguleika þessa handverks í listrænu samhengi.

Innblástur verður meðal annars sóttur til sumarsólstaða og birtunnar sem einkennir íslenskt

konar fönður er í krakkakrök og auðvitað ratleikur fyrir forvitna gesti og margt fleira.

Hægt er að fylgjast með viðburðum og listasmiðjum á Facebook- eða heimasíðu safnsins.

Nauðsynlegt er að skrá sig fyrirfram á allar smiðjur þar sem pláss er takmarkað. Nánari upplýsingar og skráning fara fram í gegnum netfangið fraedsla@listasafnarnesinga.is.

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI
Simon Pípari sími:664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

Húsfélagið Sambyggð 14 í Þorlákshöfn óskar eftir tilboðum í verkið:

SAMBYGGÐ 14 ÞORLÁKSHÖFN - VIÐHALD OG ENDURBÆTUR 2026

Um er að ræða viðhald og endurbætur utanhúss á húsinu.

Verkið felst í að rífa eldri klæðningar, grafa fyrir og steypa undirstöður undir gluggakerfi, steypa stéttar, stækka svalir, setja upp nýjar svalalokanir o.fl.

Verklok eru 8. apríl 2027.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 15. júní 2026. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Hjaltason á skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti í netfangið gudmundur.hjaltason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila á skrifstofu Eflu hf að Austurvegi 1-5 á Selfossi fyrir **kl. 14.00 þriðjudaginn 30. júní 2026** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Húsfélagið að Sambyggð 14, Þorlákshöfn

Carglass hefur opnað á Selfossi

Öryggi, áreiðanleiki og fagmennska eru okkar einkunnarorð.

Við hjá Carglass erum sérfræðingar í viðgerðum, rúðuskiptum og stillingu á myndavélakerfum í framrúðum.

- Starfsemi í 44 löndum
- Sérþjálfaðir tæknimenn
- Yfir 8 milljónir viðskiptavina þjónustaðir árlega

Bókaðu tíma í dag



Þú getur bókað tíma með því að skanna QR kóðann



CARGLASS

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Góður árangur á Norðurlandameistaramótinu í júdó

Egill Blöndal Norðurlandameistari

Norðurlandameistaramótið í júdó fór fram í Finnlandi um helgina 13. júní. Ísland sendi fjölmennan og vaskan hóp til leiks, en alls ferðudust um 22 keppendur utan ásamt fríðu föruneysi hjálfa og aðstoðarmanna.

Hópurinn stóð sig með þrýði og kepptu í flokkum cadet(U18), juniora(U21) og seniora.

Stærstu fréttir helgarinnar litu dagsins ljós í -100 kg flokki fullorðinna (seniora). Egill Blöndal, keppandi frá Ungmennafélagi Selfoss, kom með endurkomu í judo. Hann vann allar sínar viðureignir á köstum.

Með þessari frammistöðu tryggði hann sér Norðurlandameistaratitilinn sem hann vann seinast 2023 sem einnig var síðasta sinn sem hann keppti erlendis.

Þetta voru einu gullverðlaun Íslands í fullorðinsflokki á mótinu í ár en Aðalsteinn Björnsson frá JR vann brons í sterkum -90kg flokki og Weronika Komendera fékk silfur í -52kg.



Egill Blöndal og Gísli Egilson formaður JSÍ. Mynd: Aðsænd.

Daginn eftir var keppt í U21 son gull -100kg, Helena Bjarnadóttir brons -70kg og Arnar Arnarsson brons +100kg.

Sunnlendingar fulltrúar Íslands á YOA námskeiði í Ólympíu

Tveir fulltrúar úr hópi um- sækjenda taka þátt fyrir Íslands hönd í hinu virta Young Olympic Ambassadors (YOA) námskeiði sem fer fram þessa dagana í Ólympíu í Grikklandi, en það hófst 6. júní og lýkur 18. júní.

Fulltrúar Íslands að þessu sinni eru Hildur Helga Einarsdóttir frá Selfossi og Ástþór Jón Ragnheiðarson frá Hellu.

Námskeiðið er haldið á vegum Alþjóða Ólympíuakademíunnar (IOA) og hefur það að markmiði að leiða saman ungt fólk á aldrinum 20-30 ára frá öllum heimshornum. Þar fá þátttakendur tækifæri til að dýpka þekkingu sína á gildum Ólympíuhreyfingarinnar og efla alþjóðleg tengsl.

Á dagskránni er meðal annars fyrirlestrar frá fræðimönnum og sérfræðingum, hópavinna og umræður um



Hildur Helga og Ástþór Jón eru fulltrúar ÍSÍ á námskeiði í Ólympíu. Mynd: Aðsænd.

málefni íþróttahreyfingarinnar og menningarheimsóknir og íþróttaiðkun. Meginþema námskeiðsins í ár er „Empowering Inclusion, Integrity and Responsibility for Every Athlete“. Dagskráin hófst í Aþenu og lýkur í hinn sögulegu Ólympíu.



Mikið fjör á Golfhátíð U14

Golfhátíð U14 fór fram dagana 11.-12. júní sl. á Flúðum. Mikil gleði ríkti á Selsvelli og á Flúðum dagana tvo, þar sem ungir kylfingar komu saman, léku sér, æfðu og nutu samverunnar í frábæru umhverfi. 115 krakkar tóku þátt ásamt hjálfurum og voru nokkrir foreldrar með í för. Völlurinn skartaði sínu fegursta og veðrið lék við þátttakendur báða dagana.

Gist var í Íþróttahúsinu á Flúðum og dagskráin var fjölbreytt frá morgni til kvölds. Farið var í sund, leiki og alls kyns þrautir, auk þess sem

þátttakendur fengu að kynna golfíþróttinni á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt.

Morgun-, hádegis- og kvöldmatur var í boði í golfskálanum og var öll umgjörð til mikillar fyrirmyndar.

Í stað þess að leika hefðbundinn 9 eða 18 holu hring var Selsvelli skipt upp í margar stöðvar. Þar fengu þátttakendur meðal annars að spila, æfa vipp og slátt undir handleiðslu landsliðs- og atvinnukylfinga. Einnig var settur upp púttvöllur og fótboltagolfvöllur sem reyndust mjög vinsælir á meðal krakkanna.



Góð mæting á aðalfund Glímuráðs HSK

Aðalfundur Glímuráðs HSK var haldinn í Selinu á íþróttavellinum á Selfossi mánudagskvöldið 1. júní sl. 12 fulltrúar frá fimm af sex aðildarfélagum ráðsins mættu á fundinn og þá mætti framkvæmdastjóri HSK og tók að sér fundarstjórn á fundinum.

Breyting varð á stjórn ráðsins þar sem Jana Lind Ellertsdóttir ritari og varaformaður ráðsins gaf ekki kost á sér til endurkjörs og það sama má segja um Guðna Báruson, sem verið hefur gjaldkeri ráðsins undanfarin ár. Stefán Geirsson formaður ráðsins gaf aftur á móti kost á sér og var endurkjörinn. Ólafur Elí Magnússon úr Dímon var kosinn nýr ritari og varafor-



Ný stjórn Glímuráðs HSK, á myndina vantar Óðinn Kjartansson, sem var staddur erlendis þegar fundurinn fór fram. Mynd: Aðsænd.

maður og Kristinn Guðnason úr Garpi var kosinn gjaldkeri. Sigurður Þór Emilsson og Óðinn Kjartansson voru endurkjörnir í varastjórn.

Á fundinum var rætt um mótahald í vetur og verkefni á

komandi keppnistímabili. Þá var rætt um mönnum Glímupings 2026, en HSK átti að þessu sinni rétt á að senda níu fulltrúa.

Í lok fundar var ákveðið að halda Haustfund Glímuráðs HSK í Selinu 31. ágúst nk.

Gáta vikunnar

Upptekinn af sjálfum sér, sést í bíl, án vafa. Kveikjum á, þá ilmar hér, allar perur hafa.



Svar við gátu í blaði 2856: STÓLL

1. Stóll eða kollur til að sitja á. - 2. Nótnastóll, stóll undir strengi á hljóðfæri.
3. Perdikunarstóll - Skipastóll er floti



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

ISSN 1670-407X

Bíladella á Selfossi



Laugardaginn 13. júní sl. fór hin árlega Bíladella Bifreiðaklúbbs Suðurlands fram á bílastæði FSu á Selfossi. Fjöldi glæsilegra ökutækja var til sýnis, mest var um fornbíla en inn á milli mátti sjá glæsilega sportbíla. Sýningin laðaði að sér bílaáhugafólk á öllum aldri og stemmningin var góð og líflæg enda sól og blíða allan daginn.

Ljósmyndir: J.B. myndir.

Framkvæmdanefnd Landsmóts 50+ hefur störf

Eins og fram hefur komið mun Landsmót UMFÍ 50+ árið 2027 fara fram á Hellu.

Stjórn HSK ákvað á fundi þann 29. maí sl. að óska eftir tilnefningum frá Umf. Heklu, Rangárþingi ytra og UMFÍ í níu manna framkvæmdanefnd Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður á Hellu sumarið 2027.

Búið er að ganga frá nefndarskipan. Hana skipa:

Frá HSK: Guðmundur Jónsson, Guðríður Aadnegard, Anný Ingimarsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir.

Frá Umf. Heklu: Ástþór Jón Ragnheiðarson og Ösp Viðarsdóttir

Frá UMFÍ: Ragnheiður Högnadóttir

Frá Rangárþingi ytra: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson sveitarstjóri og Jóhann G. Jóhannsson íþrótta- og tómstundafulltrúi sveitarfélagsins.

Fyrsti fundur nefndarinnar



Frá fyrsta fundi nefndarinnar í síðustu viku. Mynd: Aðsend.

var haldinn á Hellu 9. júní sl. Nefndarmenn mættu allir á fundinn og var einn þeirra staddur í Grikklandi, en tók þátt í fundinum með fjarfundararbúnaði.

Á fundinum var samþykkt að Guðmundur Jónsson verði formaður nefndarinnar og Anný Ingimarsdóttir ritari. Nefndin ræddi um nokkrar mögulegar dagsetningar fyrir mótið árið 2027. Að loknum

umræðum var nefndin sammála um að mótið yrði haldið daga 25.–27. júní 2027.

Á fundinum var rætt um þau verkefni sem nefndin þarf að vinna að á næstu mánuðum. Þar má nefna kynningarmál í tengslum við Landsmótið á Hrafnagili í sumar, ákveða keppnisgreinar og hefja samtal við fyrirtæki á svæðinu varðandi mögulegt samstarf og stuðning við mótið.

Fjöldmennur fundur Til Vinstri við ESB á Selfossi

Samtökin Til Vinstri við ESB Sefndu til fundar laugardaginn 13. júní sem haldinn var í Tryggvaskála á Selfossi. Framsögumenn voru þau Frosti Sigurjónsson, rekstrarhagfræðingur og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar og var erindum þeirra vel tekið fyrir fullum sal af fólk.

Evrópusambandið og hvernig fjárhagsleg staða ríkja sambandsins hefur farið síversnandi.

Verkalýðshreyfingin komi til með að þurfa að fara inn á línu fastgengisstefnu myntbandalagsins og þarf að undirgangast kröfu þess um verðstöðuleika sem veikir þar með samningsstöðu hreyfingarinnar.

Fundinum stýrði Ögmundur Jónsson, fyrrum ráðherra og formaður BSRB af mikilli kostgæfni og spunnust líflæg umræður þar sem margir tóku til máls.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlafópurinn Smáranir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísolti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísolt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi
Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



RAFVÉLATEKNI

LÖGCELTUR RAFVÉLTKANI

Vantar þig rafvirkja?

Alihlíða rafverktaka
Sérfræðipækning í stjórnkerfum,
motorstyringum og vélalengdum lausnum

HAFÐU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

jpgrettisson@gmail.com
sími 778 7171



Allar uppskriftir
Hannyrðahornsins eru
aðgengilegar inni á DFS.is



Útskriftar- og uppskeruhátíð Fræðslunetsins

Það eru alltaf ákveðin kaflaskil í starfi Fræðslunetsins á vorin þegar nemendur okkar ljúka námi af námsbrautum FA (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins) og hafa um leið náð þeim markmiðum sem þeir settu sér í upphafi námsins.

Að þessu sinni luku fimm nemendur námi í Menntastöðum, sex í Menntagrunni, átta luku námi í Félagsliðagátt, níu á Leikskóla- og stuðningsfulltrúabru og að lokum 16 af námsbrautinni Stökkpalli.

Útskriftarathafnir voru haldnar í Gömlu Búð á Höfn 27. maí og á Hótel Selfossi 28. maí. Það voru hátíðarbragur yfir þessum dögum þar sem áfanganum var fagnað innilega af námsmönnum og aðstandendum þeirra.

Við athöfnina á Selfossi flutti Eyjólfur framkvæmdastjóri Fræðslunetsins stutt ávarp þar sem hann nefndi að núna væru nemendur búnir að láta drauma sína rætast og nýjir draumar eflaust orðið til. Fyrrum nemandi Fræðslunetsins af námsbrautinni Menntastöðum, Einar Þór Guðmundsson flutti tvö lög og að lokum flutti Ásta Björg Jósepsdóttir ávarp fyrir hönd nem-

enda. Hún nefndi meðal annars hvað námið hjá Fræðslunetinu hafi gefið henni aukna trú á eigin getu en hún var áður búin að prófa fjarnám við nokkra framhaldsskóla. Það sem henni fannst henta sér mjög vel við skipulag námsins hjá Fræðslunetinu var að einungis er einn áfangi kenndur í einu og því gott að einbeita sér alfarið að þessum eina áfanga. Eftir námið í Menntastöðum ætlar Ásta að halda áfram ótraud í námi hjá Keili - Háskólabru.

Það er gaman að geta þess að nemendur Fræðslunetsins koma víða að, ekki bara af starfssvæðinu heldur voru nokkrir nemendur í vetur af Höfðuborgarsvæðinu en kennslan fer fram í dreifnámi á Teams.

Innrítun fyrir nám á haustönn er þegar hafin og eins og áður er hægt að velja um nokkrar náms-



Ásta Björg flytur ávarp fyrir hönd nemenda. Mynd: Aðsend.

brautir og áfanga á framhaldsskólástigi.

Við óskum öllum útskriftar-nemendum okkar hjartanlega til hamingju með áfangann og hlökkum til að taka á móti nýjum áhugasömum námsmönnum.

KIRKJA

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta verður í Skálholtsdómkirkju kl. 11:00 sunnudaginn 21. júní. Bergþóra Ragnarsdóttir djákni í Skálholtsprestakalli þjónar. Organisti er Jón Bjarnason. Verið öll hjartanlega velkominn.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b

Samkoma á sunnudögum kl. 11:00. English translation available. Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00. Allir innilega velkomnir.

Frá Árborgarprestakalli

Kvöldguðsþjónusta verður í Selfosskirkju næstkomandi sunnudag, 21. júní, kl. 20. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari og flytur hugleiðingu. Pétur Nói Stefánsson organisti situr við flygilinn. Verið hjartanlega velkominn.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í fjárfraeðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Bryndís Arna og Joanna nemendur í Félagsliðagátt á Höfn. Mynd: Aðsend.



Nemendur í Félagsliðagátt. Mynd: Aðsend.



Nemendur í Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabru. Mynd: Aðsend.

Livefood stækkar við sig með nýrri vörulínu



Elli í eldhúsinu.

Nýsköpunarfyrirtækið Livefood ehf. í Hveragerði, eina grænkerasta-gerðin á Íslandi, hlaut nýverið veglegan 27.790.000 kr. styrk úr Matvælasjóði til þróunar á nýjum „brauðásti“ – plöntubaseruðum valkosti við hefðbundinn brauðost.

Þessi stóri áfangi byggir á áralangri og markvissri uppbyggingu þar sem nýsköpunarumhverfið á Suðurlandi hefur gegnt lykilhlutverki frá upphafi. Livefood nýtti sér snemma stuðning úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands og var í framhaldinu valið til þátttöku í viðskiptahraðlinum Startup Orkídeu, sem lagði dýrmætan grunn að þeim árangri sem fyrirtækið uppsker nú.

„Við erum alsæl með styrkinn. Við erum núna komin upp brekkuna og þetta er heljarinnar lyftistöng og mikil traustsýfirlýsing fyrir okkar fyrirtæki,“ segir Fjóla Einarsdóttir, framkvæmdastjóri og annar stofnandi Livefood.

Flókin þriggja áfanga vörupróun fram undan

Nýi styrkurinn úr Matvælasjóði mun nýtast í flókið og tímafrekt þróunarferli brauðástsins, sem skiptist í þrjá megináfanga. Vegferðin hefst á umfangsmiklum hráefnarannsóknunum þar sem meginmarkmiðið er að finna réttu plöntu-próteinin og gera tilraunir með margvíslegu fitublöndun. Þetta er gert til þess að tryggja að ásturinn fái það rétta, milda bragð og rjómakennu áferð sem neytendur ætlast til, auk þess sem mikilvægt er að hann karmellist og bráðni fullkomlega við upphitun.

Þegar þeim grunni hefur verið náð tekur við annar áfanginn, sem snýr að prófunum og gerð frumgerða. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að ná fram réttum stíflleika og þeim sérstaka teygjanleika

sem einkennir hefðbundna osta og skiptir öllu máli í matreiðslu.

Í þriðja og síðasta áfanga fer svo fram lokafínstilling og mat á geymsluþoli þar sem geymslugæði og örverufræðilegt öryggi vörunnar eru tryggð með hjálp náttúrulegra rotvarnarefna. Samhliða því verða hentugar neytendaumbúðir hannaðar fyrir smásölumarkað og undirbúningur hafinn fyrir markvissa markaðssetningu á þessari nýstárlegu sunnlensku afurð.

Byrjaði sem hugmynd í kollinum haustið 2018

Saga Livefood er lifandi dæmi um hversu miklu máli öflugt bakland í heimabyggð skiptir fyrir sprotafyrirtæki á hugmyndastigi. Fjóla dregur ekki dul á að stuðningskerfið á Suðurlandi hafi hreinlega komið þeim af stað. Vegferðin hófst haustið 2018 með styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands þegar Livefood var aðeins ómótuð hugmynd í kollinum á stofnendum. Stuðningur SASS á þeim tíma var upphafið að öllu og gerði það að verkum að teymið hélt áfram, en sjóðurinn hefur reynst þeim dýrmætur bakhjarl og veitt þeim fleiri styrki í gegnum árin.

Árið 2019 fór í að gera alls konar prófanir í þvottahúsinu heima og í nóvember það ár var fyrirtækið formlega stofnað. Í kjölfarið fór árið 2020 í áframhaldandi styrkjaumsóknir og leit að húsnæði undir ástagerðina.

Startup Orkídea gaf verkfærin til að vaxa

Hjólin fóru að snúast af alvöru árið 2021 þegar Livefood var valið inn í viðskiptahraðalinn Startup Orkídeu, sem er sér-sniðinn vettvangur SASS, Orkídeu og Landsvirkjunar fyrir sjálfbærar lausnir í matvælaframleiðslu. Í hraðlinum fékk teymið þau tæki, tól og vegvísa frá fagaðilum á sviði nýsköpunar sem þurfti til að gera raunhæfar viðskiptaáætlanir.

Sama ár hlaut Livefood þriggja milljóna króna styrk úr Matvælasjóði til að vinna viðskiptaáætlun, sem var lykillinn að því að sannfæra bankann og Byggðastofnun um lán til húsnæðis-kaupa í Hveragerði. Þessu til viðbótar hleyptu þau af stokkunum Karólína Fund hópsöfnun, gerðu samning við Vinnu-málastofnun um nýsköpunarráðningar og hlutu stuðning frá Högum í gegnum nýsköpunarsjóðinn Uppsprettna. Fjóla bendir á að árið 2021 hafi kostað blóð, svita og tár þar sem öll þessi umsóknar-

vinna fór fram meðfram fullum, hefðbundnum störfum.

Gufan í Hveragerði lífæð framleiðslunnar

Livefood leggur ríka áherslu á sjálfbærni og lágmörkun kolefnisspors. Fyrirtækið nýtir dýrmæta jarðvarmagufu í Hveragerði við upphitun á húsnæði sínu og stefnir að því að þróa tækjabúnað til að nýta hana beint við ástagerðina í framtíðinni. Áform um breytingar á veitukerfum bæjarins valda hins vegar áhyggjum innan fyrirtækisins, þar sem til stendur að taka gufuna af fyrirtækjum í Austurmörkinni næsta vor og færa þau yfir á tvöfalt hitaveitukerfi.

„Það er okkur mjög mikilvægt að hafa höfuðstöðvar Livefood í Hveragerði og hafa aðgengi að gufunni,“ útskýrir Fjóla. „Við nýtum hana núna við upphitun á öllu húsnæðinu og er það mun hagkvæmara heldur en tvöfalda hitaveitukerfið. Seinna meir viljum við nýta hana beint við ástagerðina og höfum við skoðað tækjabúnað sem yrði þróaður með það í huga. Við vildum þó ekki fara út í kostnaðarsamar breytingar á tækjabúnaði sökum þessara áforma. Það verður vonandi hætt við þau enda er gufan fyrirtækjunum mjög mikilvæg.“

Samstarf og hnetulausir valkostir fyrir skóla

Sérstaða Livefood felst í því að nota kartöflur og kartöflusterkju sem grunn í ástana, sem gerir þá hnetu- og mjólkurlausa. Þegar ný brauðásturinn kemur á markað geta skólar og leikskólar, sem eiga að vera hnetulausir, nýtt hann fyrir börn með mjólkuróþol eða þau sem kjósa grænkerafæði. Til að anna mikilli eftirspurn á stórkaupendamarkaði á þremur helstu tegundunum – pizzuásti, veta-ásti og hreinum kremásti – á Livefood í farsælu samstarfi við fyrirtækið Í einum grænum, sem er dótturfélag Sölufélags garðyrkjumanna. Samstarfið breytti öllu fyrir afkastagetu Livefood, á meðan fyrirtækið heldur áfram að framleiða alla aðra sérhæfðari ásta sjálf í Hveragerði.

Stefna á smásölumarkað og heimsyfírráð

Livefood býður þegar upp á fjölbreytt úrval ásta, svo sem kryddásta, smurásta og árstíðabundnar vörur á borð við hinar vinsælu Ellingóton grænkerasteikur um jól og páska. Framtíðaráform fyrirtækisins eru skýr en stefnt er að því að koma vörum í einstaklingsvænum umbúðum á smásölumarkaðinn hér á landi á árinu 2026. Þegar þeim áfanga hefur verið náð liggur leiðin út fyrir landsteinana. „Það er ekkert annað í kortunum hjá okkur heldur en heimsyfírráð Livefood ástanna,“ segir Fjóla hress í bragði.

Að lokum hvetur Fjóla aðra sunnlenska frumkvöðla sem luma á góðri hugmynd til að láta vaða: „Það þarf að vanda til verka og gera raunhæfar áætlanir. Nýtið ykkur sérfræðikunnáttu þeirra sem starfa við nýsköpun og hikaðu ekki við að fá ráðgjöf. Nýtið ykkur stuðningskerfið, þar er frábært fólk á hverjum stól sem vill hjálpa og vill sjá ykkur sigra!“

Stefán Friðrik Friðriksson
Orkidía



Anne Bruun Hansen tekur við sem svæðisstjóri EFLU á Suðurlandi

EFLA hefur gert skipulagsbreytingar á Suðurlandi sem miða að því að styrkja starfsemi fyrirtækisins, viðhalda góðri þjónustu í nærumhverfinu og nýta aukin tækifæri á svæðinu. Anne Bruun Hansen hefur verið ráðin svæðisstjóri EFLU á Suðurlandi og tekur við starfinu af Friðþóri Sófusi Sigurmundssyni.

Anne hefur starfað hjá EFLU á Suðurlandi í rúman áratug og hefur gegnt lykilhlutverki í fjölbreyttum verkefnum. Hún lauk meistaraáráðu í arkitektúr frá ETH í Zürich og hefur undanfarið ár verið fyrirlíði teymis skipulagsmála á Suðurlandi. Hún býr yfir viðtækri þekkingu á starfsemi, verkefnum og viðskiptavinum fyrirtækisins á svæðinu.

Í nýju hlutverki mun Anne leggja áherslu á að starfsstöðin haldi áfram að veita góða þjónustu við nærumhverfið og styrkja samvinnu við fyrirtæki og aðra aðila á svæðinu með það að markmiði að efla stöðu fyrirtækisins enn frekar.

„Ég tek við þessu nýja hlutverki með miklum metnaði og hlakka til að leiða áfram öflugt starf EFLU á Suðurlandi. Þar starfa sérfræðingar með dýrmæta þekkingu á svæðinu og fjölbreytta reynslu og ég sé mikil tækifæri til að styrkja okkur enn frekar og vinna náð með viðskiptavinum og samstarfsaðilum,“ segir Anne.

Friðþór Sófusi Sigurmundsson tekur við nýju hlutverki innan EFLU þar sem hann mun leiða uppbyggingu og þróun Kort.is, hugbúnaðarlausnar EFLU fyrir gagnahýsingu og gagnvirka kortasjá. Lausnin nýttist sveitarfélögum, fyrirtækjum og einkaaðilum við að nálgast landupplýsingar á einfaldan og skilvirkan hátt. Mikil eftirspurn er eftir aðgengilegum og notendavænum landupplýsingum og fellur áherslan vel að stefnu EFLU um nýsköpun og tæknilega þróun.

EFLA á Suðurlandi rekur starfsstöðvar á Selfossi, Hellu og í Vestmannaeyjum þar sem boðið er upp á alhliða verkfræðiráðgjöf. Þar starfa öflug teymi sérfræðinga að fjölbreyttum verkefnum á sviði hönnunar, skipulags og framkvæmda.



Livefood hjónin þau Fjóla, Elli, Ingó og Erna.

BRAGD AF VINÁTTU!

Josera

Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.

Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

*Far sem
fagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

prentmet.toddi
heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur
Límiðar Stimplar

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**

TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

LAGNALAND
LAGNALAUSNIR

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
**20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

510 1180 - 669 8441

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is